

Viðburðir á degi íslenskrar tungu 2014

Föstudagur 14. nóvember kl. 12:15- 16:30

- Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra heimsækir skóla og stofnanir á Akranesi

Kl. 12:15 - 13:15 Heimsóknin hefst í FVA, stutt skoðunarferð, hádegisverður og tónlistaratriði

Kl. 13:20 - 14:40 Dagskrá í Bókasafni Akraness - Ávarp bæjarstjóra og síðan blönduð dagskrá sem nemendur í grunnskólunum á Akranesi sjá um.

Kl. 14:50 - 15:40 Heimsókn í leikskólann Vallarsel. Leikskólabörn sjá um stutta tónlistardagskrá.

Kl. 15:50 - 16:30 Heimsókn í Þorpið- frístundamiðstöð. Fulltrúi frá Ungmennaráði Akraness segir stuttlega frá og síðan munu stjórnendur Þorpsins segja frá starfseminni.

Föstudagur 14. nóvember kl. 15:30 í aðalsal Borgarbókasafns

- Börn á leikskólanum Drafnarsteini munu mæta í Borgarbókasafnið við Tryggvagötu og flytja lög og texta í tilefni af degi íslenskrar tungu. Þátttakendur í þessum viðburði eru börn leikskólans fædd 2009, 2010 og 2011.

Föstudagur 14. nóvember kl. 14:00 - 15.30 í Háskólanum í Reykjavík

- Degi íslenskrar tungu fagnað í Háskólanum í Reykjavík

Frumgreinadeild HR heldur upp á dag íslenskrar tungu og 50 ára afmæli deildarinnar með því að bjóða upp á dagskrá 14. nóvember kl. 14:00 – 15:30 í stofu V101 í Háskólanum í Reykjavík.

Dagskrá:

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, flytur ávarp.

Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður frumgreinadeildar: Horft um öxl

Hrafn Loftsson, dósent við tölvunarfræðideild HR: Máltækni er mikilvæg:

Í fyrirlestrinum verður farið yfir hvað máltækni er og tekin nokkur dæmi um verkefni á sviði máltækni. Hin stutta saga máltækni á Íslandi verður rakin og sýnd dæmi um þau máltæknitól sem hafa verið þróuð fyrir íslensku. Að lokum verður fjallað um mikilvægi þess að máltækni njóti stuðnings stjórnvalda.

Tónlistaratriði: Sigrún Þorgeirsdóttir, Daníel Brandur Sigurgeirsson og Þorgils Björgvinsson, starfsmenn HR.

Sigurþór A. Heimisson, leikari og kennari í frumgreinadeild, flytur texta í tilefni dagsins.

Fundarstjóri: Anna S. Bragadóttir, kennari í frumgreinadeild.

Dagskráin er öllum opin.

Laugardagur 15. nóvember kl. 13:00 - 17:00

- Dagskrá í Iðnó í tilefni af degi íslenskrar tungu:

Kl. 13:00 - 16:00 Málrættarþing Íslenskrar málnefndar og MS. Aðalefni þingsins er „Mál og mannréttindi“.

Kl. 16:00 - 17:00 Hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Mennta- og menningarmálaráðherra afhendir viðurkenningar og Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Dagskráin verður táknaðstúlkuð.

Dagskrá í Iðnó

Laugardagur 15. nóvember kl.13:00

- Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík afhent í Norðurljósasal Hörpu

Íslenskuverðlaunin eru nú veitt í áttunda sinn, í tilefni dags íslenskrar tungu. Verðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu og töluðu og rituðu máli. Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur stendur að verðlaununum í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO. Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson mun setja hátíðina. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Verðlaunagripinn hannaði Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir. Lokaður viðburður.

Sunnudagur 16. nóvember kl. 15:00.

- Heimildarmyndin **Hver var Jónas** verður sýnd í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15

Sunnudagur 16. nóvember allan daginn

- Borgarbókasafn

Þar sem dag íslenskrar tungu ber upp á í norrænu bókasafnavíkunni var ákveðið að slá þessu tvennu saman í Borgarbókasafni. Þema norrænu bókasafnavíkkunnar er tröll og því verður boðið upp á „tröllamola“ í öllum söfnum, litla sælgætismola sem með fylgja rammíslensk orð sem tengjast tröllum.

Sunnudagur 16. nóvember

- Stóra og Litla upplestrarkeppnin í grunnskólum

Stóra upplestrarkeppnin verður nú haldin í 19. sinn og hefst formlega á degi íslenskrar tungu. Í flestum skólum landsins er dagsins minnst með viðhöfn. Víða koma eldri nemendur inn í bekkni yngri barna og lesa upp sögur og ljóð, verðlaunahafar úr upplestrarkeppni síðasta árs lesa upp, efnt er til ljóða- og smásagnasamkeppni, ljóð Jónasar Hallgrímssonar eru kynnt; íslenskir málshættir sérstaklega athugaðir og fleira mætti nefna.

Litla upplestrarkeppnin fyrir 4. bekk fer nú af stað í fimmta sinn í Hafnarfirði. Fleiri bæjarfélög taka þátt í keppninni, m.a. Grindavík, Vogar, Mosfellsbær, Árborg, Hveragerði, Reykjanesbær, Akureyri og Austfirðir.

Sunnudagur 16. nóvember kl. 13

- Hannesarholt

Samkoma á vegum Mímis, félags stúdentna í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Meðal fyrirlesara verða Anna Sigríður Þráinsdóttir, málfarsráðunautur hjá Ríkisútvarpinu, Guðni Líndal Benediktsson sem hlaut íslensku barnabókmenntaverðlaunin 2014 og kampakáta dúóið úr Orðbragði.

Sunnudagur 16. nóvember kl. 14:00 - 15:00

- Menningarfélagið Hraun í Öxnadal fagnar degi íslenskrar tungu í hátíðarsal Háskólans á Akureyri N-101.

Dagskrá:

- Michael J. Clarke syngur tvö lög við undirleik Þórarins Stefánssonar
- Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur flytur erindi
- Orri Harðarson rithöfundur les úr nýrri bók sinni Stundarfró
- Eyrún Björg Guðmundsdóttir og Sesselja Haraldsdóttir nemendur í MA: Kynlegur litaorðaforði
- Michael J. Clarke syngur eitt lag við undirleik Þórarins Stefánssonar

Sunnudagur 16. nóvember kl. 16

- Sjálfstætt fólk á Gljúfrasteini

Atli Rafn Sigurðarson og Ólafur Egilsson spjalla um bókina, leikgerðina og uppsetningu á *Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness, sunnudaginn 16. nóvember klukkan 16. Atli Rafn, Ólafur og Símon Birgisson eru höfundar leikgerðar en verkið verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu þann 26. desember. *Sjálfstætt fólk* er ein ástsælasta skáldsaga íslenskra bókmennta fyrr og síðar. Það verður fróðlegt að heyra hvernig tekist verður á við þetta magnaða verk Halldórs Laxness, þar sem farið er með okkur í einstakt ferðalag um sögu þjóðarinnar. Auk þess að skrifa leikgerðina ásamt Símoni, leikur Atli Rafn Bjart í Sumarhúsum og bregður Ólafur sér í gervi kennara. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir og ókeypis aðgangur. <http://gljufrasteinn.is/>

- Í tilefni af degi íslenskrar tungu var haldin stafsetningarkeppni í Vættaskóla. Í undanfarinni viku var haldin útsláttarkeppni innan bekkja og síðan milli árganga.
- Nemendur í 7. bekk fóru í heimsókn á leikskólann Hulduheima og lásu fyrir börnin og hófu einnig keðjulestur á bókinni „Ertu Guð, afi?“ eftir Þorgrím Þráinsson. Keðjulestur fer þannig fram að hverjum nemanda er úthlutað einni síðu í bókinni. Nemendur undirbúa sig heima með því að æfa upplestur og framsögn. Í skólanum lesa þau svo fyrir bekkinn hver sína blaðsíðu og þannig fæst gott flæði í söguna.
- Mánudaginn 17. nóvember munu nemendur í Hagaskóla mæta í leikskólann Tjarnarborg og lesa upp frumsamið efni fyrir börnin.
- Dagana í kringum dag íslenskrar tungu einbeita nemendur í Vesturbæjarskóla sér að ljóðum. Krakkarnir lesa upphátt, gaumgæfa ljóðin frá ýmsum sjónarhornum og yrkja sjálf.

